




Byggingarlýsing.

Almenn lýsing.

Straumhella 24 er vélageymsluhús með starfsmannaaðstöðu og skrifstofum. Húsið er stálgrindarhús klætt steinullareiningum á þaki og útteggjum. Vélageymsluhluti er á einni hæð en skrifstofu- og starfsmannaaðstaða á tveimur. Áætlaður starfsmannafjöldi er 6-8 manns. Litur á veggjum er grár en gluggar og hurðir dókkgrá. Nánnr skal litaval ákveðast í samráði við arkitekt.

Notkun og starfsemi.

Húsin eru ætluð sem vélageymsla fyrir flutningatæki auk skrifstofa og aðstöðu fyrir starfsfólk. Verði starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 m.s.b. og/eða lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b. í húsnæðinu ber rekstraraðila að afla starfsleyfis Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Nefndin getur óskað eftir sérteikningu af viðkomandi rými. Mengunarvarnarbúnaði á fráveitu og útblástur verður komið fyrir í samræmi við ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Landeignanúmer L213363

Stærðir	Neðri hæð	783 m2
	Efri hæð	189 m2
	Samtals	972 m2
Lóðarstærð		6680 m3

Nýtingarhlutfall

0,3

Burðarvirki.

Sökkklar og botnplata eru staðsteypt með jámbentri steinsteypu. Burðarvirkið er stálrammar og C 300 langbönd í veggjum og þaki. Milligölf er stálburðarvirki, gölfbitar og 30 mm OSB gölfplötur. Útveggir eru klæddir standandi steinullareiningum. Þök eru klædd steinullarþakeiningum.

Einangrun.

Sökkklar eru einangraðir með 100 mm plasteinangrun. Útveggir eru með 120 mm steinullareinangrun. Þakið er með 150/190 mm steinullareinangrun.

Klæðningar, gluggar og hurðir.

Útveggir og þök eru klædd með 0,55 mm stálklæðningu. Gluggar og inngangshurðir eru úr áli. Í gölfslóðum gluggum hurða er öryggisgler skv. RB-blóðum. Iðnaðarhurðir eru fellihurðar á brautum.

Lóð.

Samkvæmt skilmálum deiliskipulags er krafa um eitt bilastæði á hverja 50 m2 þ.e. samtals 18 stæði. Á lóð er gert ráð fyrir 18 bilastæðum, þar af eitt bilastæði fyrir hreyfihamlaða. Gert er ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir rafhleðslubúnaði við öll stæði. Þá er gert ráð fyrir svæði fyrir sorpgiemsulur í norðvesturhorni lóðar.

Ýmiss atriði.

Húsið er hitað upp með gölfhitalögnum í botnplötu og ofnum á efri hæð. Neysluvatnslagnir eru pex rör í rör. Í votrymum eru gölfniðurföll. Í aflökudum gluggalausum rýmum skal vera loftræsting. Fráveitukerfi byggingarinnar verður búið öflugildru til að fyrirbyggja öflumengun í fráveitukerfi bæjarins.

Innveggir eru blökkgrindur með tvöföldum gífsplötum á báðum hliðum. Innihurðar yfirfellaðar víðarhurðir.

Húsið er hannað á grundvelli algildrar hönnunar, og gert er ráð fyrir hindrunarlausu aðgengi fyrir fatlaða um allt húsið. Þá er gert ráð fyrir lyftu í húsinu.

Handrið og handlistar eru úr stáli og skulu standast ákvæði B.R 6.5.

Hitastig vatns á töppunarstöðum skal ekki vera hærra en 65°C og skal varmaskiptir vera við inntak í húsið. VLR merkir vélræn útoftun rýmis.

Teikningar hafa verið yfirfarnar af burðarvirkishönnuði.

Kólnunartölur.

Leiðnitap byggingarhluta U-gildi reiknast eftirfarandi:

Þak:	0.28 W/m2 K
Útveggur:	0.33 W/m2 K
Gluggar:	1.1 W/m2 K
Hurðir:	1.2 W/m2 K
Gölf á fyllingu:	0.6 W/m2 K

11.6.2025

Greinargerð brunavarna fyrir Straumhella 24, Hafnarfirði

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi greinargerð brunavarna er frá Brunahönnun slf (mál nr. 25-012) í júní 2025 fyrir Straumhella 24, Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður a.

Flokkun og notkun byggingar

Byggingin er í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða vinnusal auk starfsmannaaðstöðu á tveimur hæðum. Gert er ráð fyrir allt að 800 MJ/m² í vinnusal.

Brunahólfun

Byggingin er eitt meginbrunahólf, um 900 m² en skiptist í nokkur brunahólf.

Vélageymsla og geymslur mynda saman eitt brunahólf, um 550 m².

Mötuneyti og starfsmannaaðstaða er sér brunahólf, um 67 m².

Skrifstofurými á efri hæð er ásamt stiga og alrými á neðri hæð sér brunahólf, um 195 m².

Tæknirými er sér brunahólf.

Spilliefnarými er sér brunahólf.

Burðarvirki

Hæðaskil eru a.m.k. REI60.

Brunamótstaða burðarvirkja sem bera hæðaskil eru a.m.k. R60.

Brunamótstaða burðarvirkja skrifstofuhæðar er a.m.k. R60.

Burðarvirki í brunahólfandi skilum verður a.m.k. R60.

Stálburðarvirki í vélasal verður ekki eldvarð sérstaklega.

Stigar milli hæða uppfylla a.m.k. A-R30.

Frávik og rökstuðningur: Í þaki vélasalar verður auðbrennanlegt plast um 28 m² sem er um 5 % af gölfatarmáli. Skv. norskri melding HO-3/2000 má gera ráð fyrir 25 m² brunafeti sem telst varfærnið og gefur 295 °C meðalhitastig reyks miðað við 5 metra reykfria hæð. Því er talið ásættanlegt að sleppa eldvöðum á burðarvirki í vélasal þar sem meðalhitastig reykklags er vel undir kritisku hitastigi fyrir stál. Ekki er talin sérstök hættu af staðbundnum bruna. Auk þess er fullgilt brunavíðvörðunarkerfi í húsinu sem tryggir ásættanlegan viðbragðstíma slökkviliðs.

Klæðningar

Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501-1.

Um er að ræða steinullarsamlökueiningar í útteggjum og þaki.

Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).

Veggklæðningar í geymslukjallara milli geymsla eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).

Gölfefni í starfsmanna- og skrifstofuhluta á tveimur hæðum eru almennt a.m.k. í flokki G (Df-s1).

Gölfefni í vélageymslum og geymslum eru a.m.k. í flokki Cfl-s1.

Gölfefni í eldhætturýmum svo sem spilliefnarými eru í flokki Afl-s1.

Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).

Svalir eru skv. viðmiðunarreglum greinar 9.9.4 úr stáli og klæddar undir með 12 mm Viroc eða sambærilegt sem uppfyllir að vera klæðning í flokki K10 B,s1-dO.

Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir

Frá engum stað er lengra en 40 m í næsta útgang en má vera allt að 45 metrar.

Þrjár flóttaleiðir eru frá vinnusal beint út.

Frá starfsmannarými eru tvær óháðar flóttaleiðir.

Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá skrifstofum á efri hæð. Önnur leiðin er út á svalir og þar er biðsvæði.

Flóttaleið út á biðsvæði reiknast 18mx2 + 6 metrar = 42 metrar.

Flóttahurðir skulu að lágmarki vera húnn og snerill.

Brunavíðvörðunarkerfi

Viðurkennt númerað brunavíðvörðunarkerfi er í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum HMS. Stjórsmstöð og yfirflitsmynd er í anddyri við inngang. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Ljósmerki skulu vera í göngum og stigahúsi auk þess skal staðsetja sérstaka hljóðgjafa við útganga til að leiðbeina heymardöppum að þeim sbör. kröfur um algilda hönnun.

Loftræsikerfi

Ekki er reiknað með að loftræsikerfi gangi á milli brunahófa.

Reyklosun

Reyklosun frá vélageymslu um er auðbrennanlegt plast í þaki, t.d. polycarbonat, sem er samtals 28 m² eða um 5 % af gölfatarmáli. Polycarbonat gefur sig við 100 – 150 °C. Reykræsingin er einkum til kominn vegna burðarvirkis og betra öryggis í slökkvistarfi enda kemur hún í veg fyrir yfirtendrun í rýminu. Hún er hins vegar ekki ætluð til að auka öryggi fólks á rýmingartíma. Sjá um forsendur og útreikninga á reykraesingu í kalla um burðarvirki. Reykraesing er að öðru leyti um vörðururðir, glugga og hurðir.

Brunaslöngur og slökkvitæki

Brunaslöngur skv. ÍST EN 671 eru í vélageymslu skv. teikningum. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess vera skv. teikningum, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöðu. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Leiðar- og neyðarlýsing

Leiðar- og neyðarlýsing er í allri byggingunni skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðum.

Neyðarlýsing er 5 lux yfir slökkvitækjum, handboðum, í stigahúsi, tækni- og inntaksrými.

Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum“ (1 lux) er í flóttaleiðum og göngum sérstaklega í skrifstofurými á annarri hæð.

Neyðarlýsing skv. „opnum svæðum“ (0,5 lux) er í vélageymslu, mötuneyti og salernum fatlaðra.

Leiðarljós verða við alla útganga hússins.

Brunaþéttingar

Brunaþéttingar skulu uppfylla sömu kröfur og viðkomandi brunahólfandi veggir og vinnast af viðurkenndum aðilum.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn




Aðkoma slökkviliðs er frá Straumhella. Slökkvivatnsþörf hefur verið metin skv. leiðbeiningum HMS og er um 1400 l/min. Sveitarfélagið þarf að tryggja umrætt slökkvivatn með brunahönnun í nágrenni við bygginguna.

Eftirlit og viðhald brunavamakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavamakerfum hússins (brunavíðvörðunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði, leiðar- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Straumhella 24, Hafnarfirði.

Utg.	Dags.	Lýsing	Nafn

ARKAMON Kvísíortungu 40, 270 Mosfellsbæ arkamon@arkamon.is GSM: 892–0400	VALGEIR BERG STEINDÖRSSON kt. 250464-2319		
	STRAUMHELLA 24, HAFNARFIRÐI Byggingalýsing og afstöðumynd.		
	Mkv. 1:500		A1
	HANNAD VALGEIR B.	11.06.2025	TEIKN. A-101
TEIKNAÐ VALGEIR B.		SAMP.	




Utg.	Dags.	Lýsing	Nafn

ARKAMON
Kvísíartungu 40, 270 Mosfellsbæ
arkamon@arkamon.is
GSM: 892-0400


VALGEIR BERG STEINDÓRSSON kt. 250464-2319
STRAUMHELLA 24, HAFNARFIRÐI
Grunnmynd neðri hæðar, snið.

HANNAÐ	VALGEIR B.	11.06.2025	TEIKN. A-102
TEIKNAD	VALGEIR B.	SAMP.	



Utg.	Dags.	Lýsing	Nafn

ARKAMON Kvísíartungu 40, 270 Mosfellsbæ arkamon@arkamon.is GSM: 892-0400	VALGEIR BERG STEINDÓRSSON kt. 250464-2319		
	STRAUMHELLA 24, HAFNARFIRÐI Grunnmynd efri hæðar.		
	Mkv. 1:100		A1
	HANNAD VALGEIR B.	11.06.2025	TEIKN. A-103
TEIKNAD VALGEIR B.	SAMP.		



ARKAMON

Kvísíartungu 40, 270 Mosfellsbæ
arkamon@arkamon.is
GSM: 892-0400

VALGEIR BERG STEINDÓRSSON kt. 250464-2319

STRAUMHELLA 24, HAFNARFIRÐI

Útlit.

Mkv. 1:100

A1

HANNAD VALGEIR B.

11.06.2025

TEIKN. **A-104**

TEIKNAD VALGEIR B.

SAMP.

[illegible]

Utg.	Dags.	Lýsing	Nafn

ARKAMON Kvísíðartungu 40, 270 Mosfellsbæ arkamon@arkamon.is GSM: 892-0400	VALGEIR BERG STEINDÓRSSON kt. 250464-2319		
	STRAUMHELLA 24, HAFNARFIRDI Skráningartafía		
	Mkv.		A1
	HANNAD VALGEIR B.	11.06.2025	TEIKN. A-105
TEIKNAD VALGEIR B.	SAMP.		